

Alþingi  
Erindi nr. P 136/198  
komudagur 24.11.2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 20. nóv. 2008

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar tvö þingmál sem allsherjarnefnd Alþingis hefur til meðferðar.

Þingsályktunartillaga um skipan frídaga að vort, 85. mál, er byggð á því að óhagræði fylgi stökum frídögum inni í miðri vinnuviku. Á móti má benda á að mikilvægt er að slíkir frídagar slitni ekki úr tengslum við uppruna sinn og tilverurétt. Stjórn PÍ telur ekki ástæðu til að hrófla við þeirri skipan frídaga sem löng hefð er fyrir í landinu.

Stjórn PÍ styður hins vegar frumvarp til laga um bann við líkamlegum refsingum o. fl., 19. mál. Ekki má leika neinn vafi á því að lög verji börn fyrir harðræði fullorðinna, hvort sem um er að ræða vanrækslu eða beint ofbeldi.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,



sr. Ólafur Jóhannsson, formaður